**Ed.** **475. Breytingartillaga** [231. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. l. nr. 31 22. maí 1980.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

1. málsgr. 73. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða vátryggingafélaginu fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu, að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Fjárhæð þessi má þó aldrei vera hærri en 1.25‰ af lögboðinni vátryggingarfjárhæð ökutækis. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, er þar greinir, gangi fyrir.